

Mánudaginn 25. maí 1992.

Nr. 218/1992. **Ákærvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Gæsluvarðhald úr gildi fellt. 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. maí 1992, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar. Er þess krafist af hans hálfu, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, að því er gæsluvarðhald varnaraðila varðar.

Ríkissaksóknari hefur í bréfi 21. þ.m. sent Hæstarétti greinargerð, þar sem segir meðal annars:

„Með vísan til kröfugerðar sýslumannsins í Rangárvallasýslu í þessu máli, forsendna úrskurðarins svo og þess, sem hér að framan er rakið, er af ákærvaldsins hálfu gerð sú krafa, að úrskurðurinn verði staðfestur að niðurstöðu til. Þó er vakin athygli á ákvæði 69. gr., 4. tl., fyrrgreindra laga nr. 74,1974 og því, að til álita kunni að koma að vista kærða fremur með þar greindum hætti, en samkvæmt áliti heilsugæslulæknis á Hvolsvelli í bréfi til sýslumannsins er kærði alvarlega persónuleikagallaður. Verður eigi heldur talið, að fullkominnar einangrunar sé þörf, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48, 1988.“

Í bréfi ríkissaksóknara er einnig vakin athygli á, að samkvæmt gögnum málsins hafi ekki verið gætt 2. mgr. 19. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, sem mælir fyrir um, að ef brot séu framin, sem börn eða ungmenni innan 18 ára eru viðriðin, beri þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn málsins.

Í hinum kærða úrskurði eru rakin ætluð brot varnaraðila, sem einkum varða meðferð hans á dýrum á bóndabæ þeim, þar sem hann var vistaður. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist athæfi

hans eiga rót að rekja til sjúklegs hugarástands, sem kalli á lækni-meðferð. Af hálfu varnaraðila hefur verið talið eðlilegt, að hann sætti geðrannsókn, en því mótmælt, að hann þurfi jafnframt að sæta gæsluvarðhaldi.

Bóndi sá, er varnaraðili var vistaður hjá, hefur sagt fyrir dómi, að hann telji varnaraðila ekki „bráðhættulegan þegar hann sé innan um fólk og lítið sé til með honum“. Ekki hefur verið í ljós leitt í málinu, að ekki sé kostur heppilegri vistunar varnaraðila en gæsluvarðhalds, meðan rannsókn fer fram á geðhögum hans, en hafa ber í huga, að hann er aðeins 16 ára að aldri. Afstaða barnaverndarnefndar til vistunar ákærða liggur og ekki fyrir. Þegar þetta er virt, þykja ekki vera fyrir hendi skilyrði 5. og 6. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, sem vitnað er til í gæsluvarðhaldskröfu sýslumannsins í Rangárvallasýslu, og ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, að því er varðar gæsluvarðhald varnaraðila.

Það athugast, að eigi hefur verið gerð í málinu krafa um vistun varnaraðila samkvæmt 4. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, að því er varðar gæsluvarðhald varnaraðila, X.

Úrskurður sakadóms Rangárvallasýslu 13. maí 1992.

Árið 1992, miðvikudaginn 13. maí, er úrskurður þessi upp kveðinn á dómþingi sakadóms Rangárvallasýslu, sem háð er í dómsal Hegningarhússins við Skólavörðustíg í Reykjavík af Margréti Heinreksdóttur, settum héraðsdómara.

Lögreglustjórinn í Rangárvallasýslu hefur krafist þess, að X, f. 1975, sem lögheimili á að, Selfossi, en hefur af hálfu félagsmálastofnunar Selfossbæjar verið vistaður að í Vestur-Landeyjahreppi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna ætlaðs brots gegn ákvæðum 209. gr. og 174. gr., sbr. 171. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 1. gr. og 3. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957. Krafan er reist á 5. tl. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. og 2. mgr., 2. tl., d-lið, 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Gæsluvarðhalds er krafist allt til miðvikudagsins 3. júní nk. kl. 16.00 og jafnframt þess, að kærða verði gert að sæta geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Kærða var skipaður réttargæslumaður, Ólafur Björnsson hdl. Hefur hann f.h. kærða mótmælt kröfu um gæsluvarðhald, talið það óþarft, en kveðst hins vegar telja eðlilegt, að kærða verði fengin viðunandi gæsla. Vísar hann með lögjöfnun til 3. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og telur, að félagsmálayfirvöld eigi að finna honum stað. Hann hefur hins vegar ekki mótmælt kröfu um geðheilbrigðisrannsókn, telur hana nauðsynlega.

— — —

Fyrir liggur játning kærða á brotum þeim, er kært er fyrir.

Það er samdóma mat lögreglustjóra Rangárvallasýslu og réttargæslumanns kærða svo og álit heilsugæslulæknis, að nauðsynlegt sé, að kærði gangist undir geðheilbrigðisrannsókn.

Þar sem kærði hefur náð 16 ára aldri, þykir ekki unnt að reisa afstöðu til kröfu um gæsluvarðhald á 3. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974, hvorki beint né með lögjöfnun. Er þá ekki til að dreifa öðrum úrræðum til eftirlits en gæsluvarðhaldi.

Enda þótt kærði hafi ekki, svo að vitað sé, brotið af sér frá 1. maí, er hann játaði brot sín fyrir húsráðendum í, ber þess að gæta, að hann hefur verið í strangri gæslu þeirra síðan. Bóndinn hefur borið, að hann telji hann ekki hættulegan öðrum, ef vel sé litið eftir honum, en telur það nauðsynlegt. Réttargæslumaður kærða telur einnig, að hann þarfnist „viðeigandi“ gæslu. Verður því að líta svo á, að fullnægt sé skilyrðum 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt ofansögðu þykir rétt að taka kröfu lögreglustjórans í Rangárvallasýslu til greina, með þeirri breytingu þó, að kærði sæti gæsluvarðhaldi ekki lengur en til miðvikudagsins 27. maí nk. kl. 16.00. Kærði gangist undir geðheilbrigðisrannsókn, meðan á gæsluvarðhaldsvist stendur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, X, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 27. maí 1992 kl. 16.00 og gangast undir geðheilbrigðisrannsókn, meðan á gæsluvarðhaldsvist stendur.
